

Fimmtudaginn 2. október 1997.

Nr. 380/1996.

Bændasamtök Íslands

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

gegn

Amper ehf. og

Erni Árnasyni

(Stefán Pálsson hrl.)

og gagnsök

Frávísun máls frá héraðsdómi. Málsástæður. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1996. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og meðferð málsins fyrir héraðsdómi frá og með þinghaldi 15. febrúar 1996 og málinu vísað til héraðsdóms til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann þess, að stefndu verði óskipt gert að greiða 2.221.592 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. maí 1995 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1996. Þeir krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Tryggingu hf. hefur verið stefnt til réttargæslu fyrir Hæstarétti, en engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, og hefur hann ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

I.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms leitaði aðaláfrýjandi til löggiltrar skoðunarstofu, Rafskoðunar ehf., um að kanna rafbúnað í tölvuherbergi í húsakynnum aðaláfrýjanda. Í svari Rafskoðunar ehf. 13. september 1996 kom fram, að skoðunarmenn félagsins hefðu fengið í hendur teikningu Rafhönnunar 16. maí 1995, sem lögð var fyrir héraðsdóm, svo að þeir gætu áttað sig á umfangi verksins og um

hvaða búnað væri að ræða. Við könnun á aðstæðum hafi þessi teikning reynst í ósamræmi við raunverulega gerð rafmagnstöflunnar í herberginu, og er því nánar lýst í bréfi skoðunarstofunnar. Teikningin hafi í verulegum atriðum verið öðruvísi en taflan. Geti hvort tveggja valdið, að teikningin sé röng eða veruleg breyting hafi verið gerð á rafmagnstöflunni, frá því að teikningin var gerð. Skoðunarmenn gerðu nýja teikningu af töflunni, og fylgdi hún bréfi félagsins til aðaláfrýjanda.

Í kjölfar þessa óskaði aðaláfrýjandi eftir því, að dómkvaddir yrðu tveir matsmenn til að meta nánar tilgreind atriði, sem talin voru upp í sjö liðum og tengdust rafbúnaði í tölvuherbergi aðaláfrýjanda. Í matsgerð frá desember 1996 er staðfest, að uppsetning rafmagnstöflunnar sé í fullu samræmi við hina nýju teikningu Rafskoðunar ehf. Einnig er lýst því álitni matsmanna, að rafvirkja, sem vinnur við töfluna, eigi að vera ljóst, að hún sé ekki í samræmi við eldri teikninguna. Þá var í matsgerðinni gerð grein fyrir varnarbúnaði á þeirri tölvu aðaláfrýjanda, sem skemmdist, og stjórnskjá hennar og hvers vegna aðrar tölvur í sama herbergi hefðu ekki einnig bilað umrætt sinn. Fram kom sú skoðun matsmanna, að ekki hefði verið ástæða fyrir gagnáfrýjandann Örn að rjúfa ekki straum, meðan hann vann við tengingar í rafmagnstöflunni. Loks gáfu matsmenn það svar, að þeir teldu mjög ólíklegt, að rafmagnstöflunni hefði verið breytt, frá því að teikning Rafhönnunar 16. maí 1995 var gerð.

II.

Aðaláfrýjandi styður kröfu sína um ómerkingu héraðsdóms þeim rökum, að dómurinn sé með slíkum annmörkum, að ekki verði komist hjá að ómerkja hann. Teikning af rafmagnstöflunni hafi legið fyrir héraðsdómi, og hafi hún verið gerð að tilhlutan stefndu í héraði. Hafi aðaláfrýjandi enga ástæðu haft til að vefengja, að hún væri rétt. Eftir að dómur var kveðinn upp, hafi komið í ljós, að teikningin var í veigamiklum atriðum röng og þar með sá grundvöllur, sem dómurinn var reistur á. Sú hugmynd, sem dómendur í héraði hafi gert sér um orsakatengsl milli háttsemi gagnáfrýjandans Arnar og tjónsins, hafi því verið reist á röngum forsendum. Komi þetta glögg fram í forsendum dómsins, þar sem því sé meðal annars

lýst, hvernig tölvan og aðrar tölvur í sama herbergi hafi verið tengdar. Matsgerðin hafi hins vegar leitt í ljós nýja vitneskju um þetta, en dómendur í héraði hafi ekki farið á vettvang og kannað aðstæður sjálfir, heldur stuðst við hina röngu teikningu í niðurstöðum sínum. Telur aðaláfrýjandi, að leiðrétta megi grundvöll málsins með því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu aftur til héraðsdóms til nýrrar meðferðar.

Gagnáfrýjendur mótmæla kröfu um ómerkingu héraðsdóms.

III.

Fyrir Hæstarétti reisir aðaláfrýjandi kröfur sínar sem fyrr á því, að gagnáfrýjandanum Erni hafi orðið á mistök, er hann vann við rafmagnstöfluna, með þeim afleiðingum, að umrædd tölva skemmdist. Til viðbótar er því nú teflt fram, að rafbúnaður í tölvuherberginu hafi ekki verið svo úr garði gerður sem þurfti, svo að komast mætti hjá óhappi af þessum toga. Gagnáfrýjendur hafi um langt skeið séð um öll rafmagnsmál í húsi aðaláfrýjanda og eigi því sök á, að rafbúnaði hafi verið svo áfátt, að hætta var á, að tölvur skemmdust. Þeir eigi þannig sök á, að rafkerfi hússins hafi verið illa úr garði gert og hafi viðkvæmum tækjum eins og tölvum því verið hætta búin.

Gagnáfrýjendur reistu vörn sína í héraði meðal annars á því, að þeir hefðu hvergi komið nærri tengingu tölvunnar á sínum tíma, heldur muni seljandi tölvubúnaðarins hafa gert það. Bilunin verði rakin til vanbúnaðar í tölvunni eða húsinu sjálfu, og beri þeir ekki ábyrgð á þeim vanbúnaði. Með því að tengja svo viðkvæm tæki við rafkerfi hússins án þess að ganga fyrst úr skugga um, að jarðsambönd í húsinu væru í fullkomnu lagi eða að búnaðurinn þyldi þá spennuhækkun, sem varð í umrætt sinn, hafi aðaláfrýjandi tekið slíka áhættu, að hann hafi fyrirgert rétti sínum til bóta.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, er málatilbúnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti svo breyttur, frá því að grundvöllur málsins var lagður fyrir héraðsdómi, að óhjákvæmilegt er að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi án kröfu. Eftir atvikum er rétti, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. júlí 1996.

Mál þetta var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 10. júlí sl.

Stefnandi málsins er Bændasamtök Íslands, kt. 631294-2279, Bændahöll-inni við Hagatorg, Reykjavík.

Stefndu eru Amper hf., kt. 420169-4939, Faxafeni 12, Reykjavík, og Örn Árnason, kt. 240343-3559, Búlandi 36, Reykjavík.

Réttargæslustefndi er Trygging hf., kt. 660269-3399, Laugavegi 178, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu, Amper hf. og Örn Árnason, verði dæmdir til að greiða sér in solidum 2.221.592 kr. ásamt dráttarvöxtum [...]. Einnig er krafist málskostnaðar [...]. Engar kröfur eru hafðar uppi í málinu á hendur réttargæslustefnda, Tryggingu hf.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað [...].

Til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð og að málskostnaður verði látinn niður falla. Ef bætur verði að einhverju leyti dæmdar, er þess krafist, að tildæmd bótafjárhæð beri vexti af skaðabótum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 ásamt síðari breytingum frá 28. október 1994 til þess dags, þegar endanlegur dómur hefur verið kveðinn upp, og dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Sættir voru reyndar með aðilum án árangurs.

I.

Málavextir eru þeir, að 28. október 1994 vann stefndi Örn Árnason rafvirkjameistari við tengingu á loftkælingu í húsakynnum Búnaðarfélags Íslands. Er rafvirkinn vann við tengingu í rafmagnstöflu, sem var í tölvuherbergi hjá félaginu, gerðist það skyndilega, að eldglæringar stóðu út úr rafmagnstöflunni og IBM-tölva af gerðinni AS/400, sem var í herberginu, slökkti á sér.

Starfsmenn búnaðarfélagsins kölluðu þegar í stað til viðgerðarmann frá Nýherja hf., sem var þjónustuaðili fyrir tölvur búnaðarfélagsins. Leiddi fyrsta skoðun í ljós bilun í MF IOP (Pn: 59X4819)-spjaldi, og var því skipt um það spjald. Við gangsetningu tölvunnar að nýju kom í ljós frekari bilun og nú í öðru spjaldi, processornum (Pn: 16C8654). Það spjald var ekki til á

lager hjá Nýherja hf., og því var sú leið valin að panta slíkt spjald með hraði frá Danmörku. Þegar spjaldið barst, var það sett í tölvuna og hún gangsett að nýju. Við þá gangsetningu kom í ljós enn frekari bilun og nú í spjaldi Pn: 71X6374. Þegar skipt var um það spjald, fór tölvan loks í gang og gekk eðlilega síðan.

Í bréfi Nýherja hf., dagsettu 8. nóvember 1994, er fjallað um orsakir fyrrgreindrar tölvubilunar, og segir þar m. a.: „Ekki er hægt að segja með vissu, hvað hefur gerst þarna, annað en það, að tölvan hefur orðið fyrir alvarlegri rafmagnstruflun, sem virðist hafa komið vegna þess, að einhverjar línur í rafmagnstöflunni hafa slegist saman. Við það hafi 200/380 Vac farið annaðhvort í jörð eða á rangan pól. Við það hafi hún fengið straumhlaup um rásir, sem ekki eru hannaðar fyrir það. Einnig getur hugsast, að einhver rafmagnslögn inn á tæki, sem tengt er AS/400-tölvunni, hafi fengið inn á sig háspennu, þannig að straumur hafi hlaupið frá þeirri lögn inn í tölvuna og skemmt út frá Twinax-stýrieiningunni.“ Nýherji hf. taldi þessa bilun falla utan þess viðhaldssamnings, sem í gildi var milli fyrirtækisins og búnaðarfélagsins. Nýherji hf. krafði því búnaðarfélagið og síðar stefnanda um greiðslu kostnaðar vegna viðgerðarinnar, alls 2.114.698 kr.

Lögmaður stefnanda ritaði stefnda Ampex hf., vinnuveitanda stefnda Arnar, bréf 20. desember 1994 og krafðist þess, að Amper hf. gengi til samninga um greiðslu á reikningi Nýherja hf.

Lögmaður réttargæslustefnda, Tryggingar hf., sendi svarbréf, dagsett 21. febrúar 1994, og er því þar með öllu hafnað, að Amper hf. eða starfsmaður þess hefði valdið biluninni með saknæmum hætti eða á annan veg, þannig, að Amper hf. væri bótaskyldur. Afstaða þessi var áréttuð í bréfi, dagsettu 22. maí 1995.

Stefnandi greiddi Nýherja hf. umrædda reikninga vegna viðgerðarinnar til að firra sig frekara tjóni, alls að fjárhæð 2.114.698 kr., auk vaxta, að fjárhæð 106.624 kr., samtals 2.221.592 kr. (?), eftir að hafa fengið innheimtubréf frá lögmanni Nýherja hf. Stefnandi er með máli þessu að endurkrefja stefndu um framangreinda fjárhæð.

II.

Málsástæður stefnanda eru þær, að stefndu, Amper hf. og Örn Árnason, beri óskipta fébótaábyrgð á framangreindu tjóni. Bótaábyrgð Arnar byggist á sakarreglunni, en hann hafi með saknæmum og ólögmætum hætti orðið valdur að fyrrgreindri bilun í AS/400-tölvu stefnanda, enda sé orsakasamband á milli mistaka Arnar og tjóns stefnanda og tjónið sennilega afleiðing af mistökum Arnar.

III.

Af hálfu stefndu er fallist á málavaxtalýsingu stefnanda í stefnu, en þó sé ekkert fram komið, sem staðfesti, að eldglæringar hafi staðið út úr rafmagnstöflunni, er skammhlaup varð í henni.

Stefndu styðja aðalkröfu sína um sýknu við það, að hér sé um það að ræða, að vír hafi skammhlaupið til jarðar af slysn, er verið var að tengja loftkælingu í tölvudeild í húsakynnum stefnanda í Bændahöllinni. Við verkið hafi verið fylgt öllum viðurkenndum reglum um vinnubrögð. Stefndu mótmæla því, að stefnda Erni hafi orðið á mistök, er rafmagnsvírin rakst í jörð. Við vinnu sína hafi stefndi Örn sýnt alla eðlilega aðgát, en iðulega rekist vír í jörð eða gagnstæðan pól, þegar verið sé að tengja í rafmagnstöflu. Eina hættan sé, að sá, sem verkið vinnur, fái sjálfur í sig rafstraum. Að öðru leyti eigi jarðtenging hússins að taka við spennunni án þess að valda skaða. Aldrei verði komið í veg fyrir, að rafmagnsvír snerti jörð, þótt ýrtrustu varkárni sé gætt, en ekki sé um saknæm mistök að ræða í þessu tilviki, heldur óhappatilviljun.

Þá halda stefndu því fram, að stefndi Örn hafi ekki getað séð það fyrir, að tölvubúnaður stefnanda gæti orðið fyrir skemmdum við það, að skammhlaup yrði til jarðar, enda ætti spennuhækkun, sem leiddi af skammhlaupinu, ekki að hafa áhrif á tækjabúnað eða annað, sem tengt væri rafkerfi hússins, ef allt hefði verið með felldu. Bilunin í tölvukerfi stefnanda verði því ekki talin vávæn afleiðing þess, að rafmagnsvírnum sló til jarðar.

IV.

Enginn ágreiningur er um aðild í þessu máli. Ágreiningur aðila lýtur að því, hvort stefnda Erni Árnasyni hafi við störf sín í húsnæði stefnanda 28. október 1994 orðið á mistök, sem valdið hafi stefnanda tjóni, þegar AS/400-tölva bilaði.

Samkvæmt fram lagðri teikningu Jóns Otta Sigurðssonar, tæknifræðings hjá Rafhönnun hf., af rafmagnstöflu, merktri T2-11, á annarri hæð í tölvudeild Bændahallarinnar, sem stefnandi hefur ekki mótmælt, er ljóst, að varnarbúnaður rafkerfisins var í góðu lagi. Á teikningu þessari kemur fram, að þarna var 30 ms lekastraumsrofi og 10A varrofi til varnar tölvunni, en í framburði vitnisins Þóris Kr. Þórissonar, framkvæmdastjóra hjá Nýherja hf., kom fram, að ekki væru gerðar kröfur um lekastraumsvörn né heldur minni varrofa en 16A til að verja AS/400-tölvur frá fyrirtækinu. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á það, að jarðskaut hafi verið ófullnægjandi.

Óumdeilt er, að varrofi var ekki rofinn á viðkomandi grein, þegar unnið var við hana í tölvuherbergi stefnanda. Eins og málum var háttað og með

hliðsjón af því, að um venjulegan tölvubúnað var að ræða, verður ekki talið, að þau vinnubrögð, sem stefndi Örn viðhafði, hafi verið óeðlileg. Er einnig til þess að líta, að einungis þessi eina tölva bilaði umrætt sinn, en fram er komið, að fleiri tölvur voru tengdar við sama lekastraumsrofa. Þykir því ekkert fram komið, sem bendi til annars en hér hafi verið um óhappatilvik að ræða og að stefndi Örn hefði ekki mátt gera ráð fyrir því, að óhapp af þessu tagi ylli tjóni.

Fallast ber á það með stefndu, að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því, að tjón hans megi rekja til háttsemi stefnda Arnar. Með vísan til framanritaðs er það niðurstaða dómsins, að sú sönnun hafi ekki tekist og því beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir niðurstöðu málsins þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu 150.000 kr. í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Eymundi Sigurðssyni rafmagnsverkfræðingi og Sigurði Leifssyni rafvirkjameistara.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Amper hf. og Örn Árnason, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi greiði stefndu 150.000 kr. í málskostnað.
